

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 13. maí 2020
UST202004-166/B.S.
10.05.06

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði - Aldan og Bakkahverfi. Frummatsskýrsla. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Áformað er að reisa þrjá snjóflóðavarnargarða á Seyðisfirði undir Bjólfshlíðum, einn þvergarð sem verður 245 m langur og 10 m hár og tvo leiðigarða sem verða annars vegar 535 m langur og 13 m hár og hins vegar 300 m langur og 17-20 m hár. Framkvæmdasvæðið verður um 23 ha og er efnisþörf áætluð 415.000 m³. Efnið verður tekið úr skeringum og umframefni notað til landmótunar. Aðalvalkostur er talinn eini raunhæfi kosturinn.


Umhverfisstofnu telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði á landslag og ásýnd. Fram kemur í greinargerð að lögð verði áhersla á að draga úr neikvæðum áhrifum mannvirkjanna með því að aðlaga þau að landi og græða upp röskuð svæði með uppgræðslu og skógrækt. Jafnframt verða lagðir göngustígur um framkvæmdasvæðið þannig að það mun nýtast til útivistar í framtíðinni.


Umhverfisstofnun telur að dæmin sýni að með góðu verklagi við byggingu og frágang snjóflóðavarna megi draga verulega úr neikvæðum áhrifum þessara mannvirkja og unnt er að skapa þar fjölsótt útivistarsvæði. Vegna nálægðar við byggð er líklegt að með tímanum verði litið á þessi mannvirki sem hluta innviða bæjarins fremur en aðskotahluti í landslaginu.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun að þrátt fyrir mikið inngríp í ásýnd svæðisins undir Bjólfi megi gera ráð fyrir að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði nokkuð neikvæð en unnt er að draga úr þeim áhrifum með vönduðum frágangi.

Greinargerðin er góð og er ítarlega gerð grein fyrir framkvæmdinni, valkostum og mótvægisáðgerðum.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur